

Skýrsla Skotfélagsins Markviss

Framkvæmdir.

Helstu framkvæmdir voru nýtt riffilhús í enda riffilbrautar, og er það fókelt í dag. Keypt var ein kastvél til viðbótar á Sporting völlinn af gerðinni Bowman Compact 150, einnig fjárfesti félagið í þráðlausum stjórnbúnaði fyrir Trapp og Sporting velli. Haldið var áfram vinnu í ferlimálum fatlaðra og fara þau batnandi þó þau séu ekki samkvæmt ströngustu kröfum en vel fært engu að síður. Hellur voru lagðar og gerð gönguleið upp á trapp/sportingvöllinn, rafmagnskaplar grafnir niður vítt og breitt, hlið sett til að takmarka umferð inn í riffilbraut. Fúavörn og málningu var dreift í hæfilegu magni að venju þar sem þurfa þótti. Og eflaust er eitthvað að gleymast enda situr Einar uppbyggingarstjóri sjaldan kyrr. Skotið var rótum vítt og breitt um svæðið en gróðursettar voru trjáplöntur í skjólbelti auk annars gróðurs, sáð grasi og dreift áburði. Þá voru gömlu kastvélnar af Skeet veltinum seldar, en þær voru teknar niður fyrir einum 11 árum síðan.



Önnur verkefni.

Öðrum hefðbundnum verkefnum var sinnt eins og þurfti og hægt var, skotþing STÍ var haldið á Teams, formannafundur Stí og 1. maí kaffi féllu niður og ársþing USAH hefur ekki enn verið haldið eða aflýst, ekki var opinn dagur svo á svæðinu Húnavöku en þar kom Arctic Coast Open í staðinn. Skotsvæðið var að venju opið á miðvikudögum í sumar, og nýliðaæfingar voru á þriðjudögum en þar réð Guðmann enn sem fyrr ríkjum og á hrós skilið fyrir hvernig að þeim er staðið en Jónbi sá aftur um æfingar í riffilgreinum.

Einnig er vert að minnast á að tveir félagsmenn bættu við þjálfaramenntun sína en Guðmann Jónasson bætti „þjálfara 1“ hjá ÍSÍ við réttindi sín frá ISSF og Snjólaug M. Jónsdóttir lauk þriðja stigi í þjálfaranámi ÍSÍ.

Aðalfundur.

Aðalfundur Félagsins var haldinn 16.02.20 á Veitingastaðnum Teni að viðstöddu margmenni, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa voru kjörnir í stjórn eftirfarandi.

Formaður: Jón Brynjar Kristjánsson

Gjaldkeri: Guðmann Jónasson

Ritari: Brynjar Þór Guðmundsson

Meðstjórnendur: Einar Stefánsson og Ásgeir Þ. Gústavsson

Varamenn: Ragnar Sigtryggsson og Jón Axel Hansson.

Skoðunarmenn reikninga Sighvatur Steindórsson og Jónas Rúnar Guðmundsson

Snjólaug M. Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þökkum við henni fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Smávægilegar breytingar voru samþykktar á merki félagsins og 5. gr laga. Reglur um styrki til keppnisfólks voru uppfærðar í takt við breytta tíma í keppnishaldi.

Mótahald.

Einungis þrjú mót voru haldin á svæði félagsins á árinu, 1 landsmót STÍ í Nordisk Trapp, Íslandsmeistarasmót STÍ í Nordisk Trapp og Arctic Coast Open alþjóðlegt opið mót í Skeet um Húnavöku, og er þetta það minnsta sem Markviss hefur haldið af mótum í ára raðir en öll innanfélagsmót voru feld niður vegna covid 19.

Keppnisárangur.

Covid 19 setti mark sitt á keppnir á árinu en keppnisfólk Markviss skilaði framúrskarandi árangri miðað við aðstæður, er það mikil styrkur fyrir ekki stærra félag að hafa á að skipa jafn ötulu keppnisfólki og raun ber vitni hjá Markviss.

Í haglagreinum átti félagið nokkra keppendur að vanda, en þau unnu til verðlauna í Nordisk Trapp, Skeet og Sporting, ber þar hæst árangur Snjólaugar M. Jónsd. Hún vann 2 Íslandsmeistararitla, í Norrænu Trappi og í 1. Flokki kvenna í Ólympísku Skeet, Þá varð hún einnig Norðurlandsmeistari kvenna í greininni. Hún hafnaði einnig í 2. sæti á Íslandsmeistaramóti í Compak Sporting, Þá náði hún einnig góðum árangri á öðrum mótum. Unglingarnir okkar Sigurður, Elyass og Jón komu sáu og sigruðu á Íslandsmótinu í NT, höfnuðu í fyrsta,öðru og þriðja sæti sæti til Íslandsmeistara unglunga, tvíbættu Íslandsmet unglunga og urðu Íslandsmeistarar unglunga í liðakeppni á nýju meti. Annan árangur ber að nefna að Guðmann Jónasson náði 1.sæti á Arctic Coast Open, öðru.sæti á Íslandsmóti í NT og 3. Sæti á NLM Open og SIH Open í Skeet. Lið okkar hafnaði svo í 2. Sæti í liðakeppni á Íslandsmótinu í NT (Guðmann, Brynjar, Jón Axel).

Í kúlugreinum voru keppendur sem fyrr aðeins 2 í alls 10 mótum og ber þar hæst árangur Jóns B. Kristjánssonar en hann hlaut ein 1. verðlaun og tvenn 3. verðlaun Helstu keppnisgreinar Jóns eru BR50 (.22LR skotið á 50m færi) og VFS (Varmint for score, stærri rifflar á 100/200m færum).

Skotiþróttafólk Markviss 2020.

Í haglagreinum hlaut útnefningu Snjólaug M. Jónsdóttir
Í kúlugreinum var útnefndur Jón B. Kristjánsson

Hreindýraskotpróf.

Árið 2020 voru þreytt 12 skotpróf hjá Markviss, en alls voru 13 skífur skotnar, prófdómari var Jónbi. Þetta er örlítill fækkun í fjölda skotprófa frá fyrra ári, og stóðust allar skyttur próf en einungis 1 þurfti að tvítaka.

Fjáröflun og Fjárhagur.

Stærsta innkoman er sem áður styrkur Blönduósbæjar en hann ásamt félagsgjöldunum og lottóinu er grunnur afkomu okkar. Verulegur samdráttur var í innkomu í formi æfingagjalda og helgast það af lokunum svæðisins vegna Covid. Á árinu voru sendar út þó nokkrar styrkumsóknir vítt og breytt, Skagaströnd veitti okkur styrk sem og Húnavatnshreppur. Styrkur fékkst úr Íþróttasjóði og Umhverfissjóði UMFÍ. Páskaeggjasala gekk vonum frammar og nokkrir eru áskrifendur af papco vörum, Léttitækni leyfði okkur sem fyrr að njóta góða af sínum afsláttarkjörum og við eigum góða að hjá KS Verslunin Eyri. Lang stærsti útgjaldaliður ársins var rifflhúsið, eitthvað fór þó í minni verkefni ss fúavörn og fl. smálegt en annar kostnaður við framkvæmdir var hverfandi og er það helst að þakka samböndum, dugnaði og útsjónarsemi nokkurra félagsmanna. Hér er rétt dreypt á málum og nánar farið í þessi mál í ársreikningum félagsins.

Verkefni 2021

Ljóst er að næg verkefni liggja fyrir á komandi ári og eru þau svipuð og áður, halda áfram vinnu við rifflhús og braut, loka hnykkur á trapp/sportingvöll og reyna með öllum tiltækum ráðum að afla fjár fyrir síðustu kastvélnar í fullan sporting völl. Áfram þarf að hlúa að klúbbhúsinu, klæðningu að utan og mála úti. Sáning í jarðvegsframkvæmdir er enn á dagskrá eftir því sem þeim líkur ásamt gróðursetningu á svæðinu. Erum við komin í samstarf við Skógrækt ríkisins varðandi þau mál í gegnum verkefnið „Vorvið“. Í félagsstarfinu er það von okkar að auka þáttöku á nýliðaæfingum, Allavega tvö mót verða haldin, Landsmót STÍ í

Nordisk Trapp og svo Arctic Coast Open í Skeet um Húnavöku, eins er von okkar að fært verði að halda einhver fleiri mót og viðburði í riffilgreinum ef covid leyfir. Hér er rétt stiklað á stóru og verður þetta en sem fyrr svolítið spilað eftir eyranu eins og fjárhagur leyfir og vilji manna til mála stendur heitast hverju sinni.

Fh. Stjórnar Markviss.

Jón Kristjánsson Formaður